



PANTAÐU Á DOMINOS.IS

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345

Um 3,4 hektarar tapaðir

Seltjarnarnes hefur tapað 3,4 hekturum lands sem svarar fjórum gervigrasvöllum af völdum sjávar. Þetta kemur glögg fram á loftmynd af Seltjarnarnesi sem tekin var af Landmælingum Íslands árið 1954. Nýlega réðst Seltjarnarnesbær í það verkefni að teikna inn á loftmyndina lóðir, hús, mannvirki, götur og strandlínu eins og það lítur út í dag til að glöggva sig betur á þeim breytingum sem orðið hafa á byggðinni á þessum rúmu sextíu árum.

Árið 1954 var Seltjarnarnesið 210,3 ha en er í dag 206,9 ha og hefur því skroppið saman sem nemur 3,4 ha lands. Í báðum tilfellum eru mælingar miðaðar við núverandi sveitarfélagamörk í austur, við landamæri Reykjavíkur. Til samanburðar má geta þess að gervigrasvöllurinn við Suðurströnd er 0,9 hektarar þannig að á þessum rúmu 60 árum hafa tapast tæpir fjórir slíkir vellir. Þar með er ekki öll sagan sögð því ef ekkert hefði verið aðhafst vegna sjávarrofs þá hefði Seltjarnarnes þurft að sjá á bak 6,8 ha lands og væri aðeins 203,5 hektarar í dag. Sem betur fer hafa menn verið á varðbergi gegn eyðingu náttúraflanna og búið til nýtt land eða fyllt upp í landið sem svarar 3,4 hektara eða helming þess lands sem tapast hefur.



Unnt er að skoða kortið nánar á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, seltjarnarnes.is og prenta það út ef áhugi er á. Þá er hægt að skoða stóra mynd af því á annarri hæð Mýrarhúsaskóla, en

nemandi þar, sem lætur sér annt um sögu bæjarfélagsins, fékk föður sinn til að gefa skólanum stóra útprentaða mynd af kortinu, skólalærnum og nemendum til mikillar ánægju.



SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is



24 Hagkaup

OPIÐ

ALLAN sólarhringinn á Eiðistorgi



Slökkvitækjaþjónustan

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboðal!



græn heilsa

Ægisíða 121
Sími 551 1717

Opið alla virka daga
frá kl. 10 - 17.30.



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér

Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þóroddur Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

Fjórir fótboltavellir

Eins og fram kemur í forsíðufrétt í Nesfréttum hefur Seltjarnarnes tapað um 3,4 hekturum lands sem svarar fjórum gervigrasvöllum af völdum sjávar á undangenginni hálfri öld. Þótt lengi hafi verið vitað að lanbrot eigi sér stað á Nesinu einkum utanverðu eru þessar tölur sláandi en einnig til marks um þau öfl sem umlykja Seltjarnarnes á þrjá vegu.

Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um hvort og þá með hvaða hætti takast megi á við náttúruna að þessu leyti. Hefta ágang sjávarins sem stöðugt mylur úr hinu fasta landi. Fyrir nokkru lét Sigurður Ólafsson vélfræðingur í ljós þá skoðun að endurheimta meigi um 2,2 hektara af landi með byggingu varnargarða sem loka myndu Seltjörninni en hún opnaðist í miklu óverði í byrjun árs 1799. Þetta er ein róttækasta hugmyndin sem komið hefur fram til varnar Seltjarnarnesi að þessu leyti. Aðrar hugmyndir eru um byggingu minni varnargarða og að styrkja fjörur.

Víða hefur verið unnið að byggingu varnargarða og landfyllinga í nágrenni Seltjarnarness og má benta á Ananaustin og Eiðisgrandann í því efni. Einnig Örfisey sem að verulegum hluta er byggð á landfyllingum enda var eyjan ekki landföst í öndverðu. Það sýnir að margt má gera og fátt er ómögulegt þegar um varnir gegn ágangi sjávar er að ræða.

Ljóst er að hvað sem gert kann að verða til varnar landbroti á Seltjarnarnesi mun það kosta umtalsverða fjármuni. Spurning er hvort eitt lítið bæjarfélag geti staðið undir slíku nema þá á lengri tíma sem vel er hugsanlegt að gera. Einnig er spurning um hvort og þá með hvaða hætti ríkisvaldið gæti komið að þessu máli.

Löngum hafa verið nokkuð skiptar skoðanir á meðal Seltirninga um hvað eigi að gera að þessu leyti. Á meðan sumir benda á aðgerðir sem vinna mætti að eru aðrir sem vilja við engu hrófla og bera stundum fyrir sig náttúruvernd. Náttúran verndar sig ekki – hún er lifandi og sýnbreytileg eins og landbrotið á Seltjarnarnesi ber vott um. Ljóst er að ekki verður horft fram hjá þeim vanda sem landbrotið skapar. Spurning er um vilja og getu til þess að vinna gegn því hvaða leiðir sem menn vilja fara.

Skil áhuga Dags á sameingu við Reykjavík

Ýmsir muna eflaust eftir ummælum Jóns Gnarr oddvita Besta flokksins og síðar borgarstjóra í Reykjavík í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna 2010 um að setja kortahlið á Seltjarnarnes. Þarna var hann að vísa til þeirrar spurningar um hvort rétt gæti verið að sameina sveitarfélögin því Seltjarnarnes er raunar vestasti hluti þess lands sem höfuðborgarsvæðið stendur á.

Öðru hvoru hafa komið upp umræður um hvort rétt væri að sameina þessi tvö sveitarfélög þótt þeim hafi ekki verið fylgt eftir. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri í Reykjavík segir að ekki muni standa á Reykjavíkum ef til hugmynda um sameiningu komi. Miklu skipti að um eitt búsetu- og atvinnusvæði sé að ræða og nauðsynlegt að hugsa það, skipulegga og þróa sem eina heild. Höfuðborgarsvæðið skiptist í sjö sveitarfélög og er Reykjavíkurborg langstærst þeirra með rúmlega 120.000 íbúa.

Opinn fyrir frekari sameiningum

Dagur hefur bent á að þessi skipting milli sveitarfélaganna sé í raun barn síns tíma en borgin eigi í mjög góðu samstarfi við Seltjarnarnesbæ. Hún sinni til dæmis félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk með sérstökum samningi við Seltjarnarnesbæ. Þess má geta

á nefnd á vegum þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra lagði til í skýrslu árið 2010 að skoðaðir yrðu kostir þess að sameina Reykjavík, Seltjarnarnes og Kjósahrepp þótt málið færi ekki lengra á því stigi.



Ásgerður Halldórsdóttir.



Dagur B. Eggertsson.

Skil áhuga Dags

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri á Seltjarnarnesi kveðst skilja áhuga Dags á að sameina þessi tvö sveitarfélög því Seltjarnarnesbær sé vel rekið sveitarfélag og með ölfuga þjónustu við íbúana. Ekki hafi borist beðni um sameiningu frá Reykjavíkurborg eða öðru sveitarfélagi. Málin hafi heldur ekki verið rædd á meðal bæjarfulltrúa enda sameining málefni sem íbúar þurfi að taka ákvörðun.



rafmagn@mi.is

Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi



Hringbraut 119
Sími: 562 92 92

Nesbíúinn



Verður þá Reykjavík hluti af Seltjarnarnesi aftur?

Helgi Hrafn bæjarlistamaður 2015

Helgi Hrafn Jónsson tónlistarmaður var í dag útnefndur bæjarlistamaður Seltjarnarness 2015. Helgi Hrafn er nítjándi Seltirningurinn til að hljóta þessa nafnbót en hann hefur verið búsettur á Seltjarnarnesi frá unga aldri. Við útnefninguna tilkynnti Helgi Hrafn að hann hyggðist ánafna verðlaunafénu að upphæð einni milljón króna til Tónlistarskóla Seltjarnarness, sem lagt hefur hornstein að þeim ferli sem hann á að baki sem tónlistarmaður. Þá tilkynnti hann einnig að hann og eiginkona hans Tina Dickow myndu halda tónleika á Seltjarnarnesi í apríl.

Að mati menningarnefndar Seltjarnarness er Helgi Hrafn Jónsson afar vel að útnefningu bæjarlistamannsins kominn. Jafnframt er það mikið fagnaðarefni að hann skuli, þrátt fyrir glæstan frama í hinum alþjóðlega tónlistarheimi, enn halda tryggð við samfélagið sem ól hann upp og mótaði. Þá er Helga Hrafn sérstaklega þakkað hið höfðinglega framlag hans sem ungt og efnilegt tónlistarfólk við Tónlistarskóla Seltjarnarness mun án efa njóta góðs af. Enn fremur sýnir hann bæjarfélaginu mikinn heiður með smíðum og frumflutningi á nýju tónverki á árinu auk tónleikahalds í bænum með hinni einstöku söngkonu Tinu Dickow.



Helgi Hrafn Jónsson bæjarlistamaður Seltjarnarness 2015 ásamt eiginkona sinni Tinu Dickow.

Byrjaði hjá Kára

Helgi Hrafn Jónsson fæddist í Reykjavík árið 1979 og hóf sex ára gamall tónlistarnám við Tónlistarskóla Seltjarnarness þar sem hann lærði á básúnu, lengst af undir handleiðslu Kára Einarssonar. Ásamt því að taka virkan þátt í starfi Lúðrasveitar Seltjarnarness var Helgi frá tíu ára aldri meðlimur í hljómsveitinni Bossanova-bandið. Þrátt fyrir ungan aldur hljómsveitarmeðlima náðu þeir talsverðum vinsældum og fengu ótal tækifæri til að koma

fram bæði hér heima og erlendis sem var þeim gott veganesti.

Starfað með mörgum tónlistarmönnum

Fjórtán ára gamall hóf Helgi Hrafn nám við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Oddi Björnssyni básúnuleikara. Þaðan útskrifaðist hann með einleikarpróf vorið 1999, þá nítján ára gamall og lék af því tilefni básúnukonsert Henri Tomasi með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Á þessum árum söng Helgi Hrafn með Hamrahlíðarkórnum undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur og lék verkið Íslenskt Rapp fyrir básúnu og kór eftir Atla Heimi Sveinsson bæði hér heima og á kórferðum erlendis. Haustið 1999 fluttist Helgi Hrafn til Austurríkis þar sem hann átti eftir að dvelja næstu átta árin. Hann nam básúnuleik við Tónlistarháskólann í Graz, hjá Prof. Carsten Svanberg og Prof. Ed Neumeister og útskrifaðist þaðan með Magistergráðu vorið 2004. Á námsárunum sínum hóf Helgi að starfa með ýmsum tónlistarmönnum og hljómsveitum. Ber þar að nefna Jazz Big Band Graz og hljómsveitina Beefolk, en sú síðarnefnda gerði það gott á tónleikaferðum um Evrópu og hélt einnig tónleika í Asíu og tvívegis á Íslandi. Helgi býr nú og starfar á Seltjarnarnesi ásamt konu sinni Tinu Dickow og tveimur ungum börnum.

Nýr hraðbanki

– auknir möguleikar

Í innleggshraðbönkum okkar geta viðskiptavinir lagt inn seðla og tekið út allt að 300.000 kr. Þú getur líka millifært, greitt reikninga, fyllt á GSM Frelsi og skoðað stöðuna á reikningunum. Allt með því að auðkenna þig með greiðslukortinu þínu.

Prófaðu nýja innleggshraðbankann í Vesturbæjarútibúi við Hagatorg.

Arion hraðþjónusta
– hafðu það eins og þú vilt

 Arion banki

Þetta er í raun afturför

- Nesvali breytt í fjórar íbúðir

Ragnhildur Ingólfssdóttir hefur lagt fram bókun í skipulags- og umhverfisnefnd Seltjarnarnesbæjar um deiliskipulag Bakkahverfis vegna breytinga á Melabraut 19 þar sem verslunin Nesval var til húsa í áratugi, þar á að breyta verslunaryni á jarðhæð í fjórar íbúðir.

Í bókuninni segir Ragnhildur að hún samþykki þessa breytingu með trega. Hún sé ekki í anda sjálfbærni, sbr. hugmyndir Landsskipulagsstefnu/Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðis og Aðalskipulags Seltjarnarness, sem svo mikilvægt sé að temja sér. Þetta sé ekki heldur í anda hugmynda um blandaða byggð. „Í raun er þetta afturför og ekki til að efla nærsamfélagið. Með því að breyta þessu húsi í íbúðarhús, sem hefur verið blanda af verslun - atvinnustarfssemi og íbúðum í um 60 ár, erum við líka að styrkja enn frekar uppbyggingu stórra verslunarkerðja á kostnað smærri eininga, segir Ragnhildur í bókun sinni.

Mikið fjör á Safnanótt á Seltjarnarnesi

Mikið var um að vera á Safnanótt á Seltjarnarnesi en fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna fór fram í Bókasafni Seltjarnarness þar sem komu m.a. fram fjörkalfarnir Gunni og Felix og fóru á kostum.

Fyrsti myndlistarsalur Seltirninga, Gallerí Gróttu, leit dagsins ljós en arkitektar frá Kurt og pí sáu um hönnun hans. Fyrst til að sýna í salnum er tónlistarmaðurinn og myndlistarmaðurinn Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir.



NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bíllinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðuskipti
Skiptum um framrúður og önnurnst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkjáþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og málning
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústru kröfur.



Bílaþvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bílaþvott, djúphreinsun, bón off. Frír þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / skilæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slittflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is



Bjarni Guðjónsson
Þjálfari meistaraflokks
KR í fótbolta

VIRKAR
fyrir mig

BG



Lífræn næring og orka

Reynsla mín er að Lifestream vörurnar eru fremstar í gæðum. Ég mæli með þeim fyrir mitt lið. Ég finn meira úthald, einbeitingu og hraðari endurheimt.



Umboðsaðili: Celsus ehf
Fæst í apótekum, Grænni heilsu, Hagkaup, Krónunni og Melabúðinni.

 **lifestream**
náttúruleg uppspretta bætiefna

Stjórnumskoðun og upplestur í Sundlaug Seltjarnarness



Sundlaug Seltjarnarness tók þátt í Sundlaugarnótt sem er hluti af Vetrarhátíð og var haldin laugardaginn 7. febrúar. Viðburðurinn sem bar heitið „Baðaðu þig í menningu“ var skipulagður af Ungmennaráði Seltjarnarness en þetta var í fyrsta sinn sem Seltjarnarnesbær tekur þátt með þessum hætti.

Ungmennaráðið lagði upp með að vinna með styrkleika

sundlaugarinnar en það er hversu kósý laugin er og var því öll dagskrá í þeim anda. Flotið var á sínum stað þar sem sundlaugargestir gátu sviðið áhyggjulausir um lauginu og Sólveig Pálsdóttir og Anna Valdimarsdóttir lásu upp úr bókum sínum. Dagskránni lauk svo með tónlistaratriði þar sem Bjóssi Sax tryllti lýðinn og breytti grunnulauginni í dansgölf þar sem gestir stigu léttan dans.



Ungmennaráðið hlaut nýsköpunarviðurkenningu

Ungmennaráð Seltjarnarness hlaut nýsköpunarviðurkenningu í opinberri þjónustu og stjórnsýslu í síðastliðnum mánuði og fór afhending viðurkennningarinnar fór fram á ráðstefnu á Grand hótél.

Þetta er í fjórða sinn sem nýsköpunarverkefni í opinberri stjórnsýslu hljóta viðurkenningu og verðlaun, en önnur tvö verkefni á vegum Seltjarnarnesbæjar voru einnig tilnefnd. Að viðurkenningu og verðlaunum standa Rannís, Samband íslenskra sveitarfélaga, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Háskóli Íslands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Í rökstuðningi dómnefndar segir um

valið á Ungmennaráðinu:

„Að mati valnefndar er þarna um að ræða lausarmiðað verkefni sem fólst í því að breyta fyrirkomulagi þess til að virkja fleiri ungmenni til þátttöku í sveitarfélaginu. Verkefnið snýst um að taka ungmennaráðið úr hefðbundnu nefndarfyrirkomulagi með lokuðu ráði og opna fyrir frekari þátttöku allra þeirra sem vilja taka þátt. Um er að ræða verkefni sem grundvallast á hugmyndum um beinna lýðræði og samvinnu sem hefur virkjað mun fleiri til þátttöku í verkefnum Ungmennaráðsins en ella hefði orðið. Jafnframt styrkir það innbyrðis tengsl ungmenna annars vegar og tengsl þeirra við ýmsar stofnanir og félagasamtök í bænum hins vegar.“

Geymið auglýsinguna

Parket

Er þinn parketmaður í APV

Sérgrein mín í 30 ár

Parketlagn - parketslipun og viðgerðir

Okkar þjónusta, þinn ávinningur.
Förum hvert á land sem er.
Skodum og metum og margt fleira.
Leitið betri tilboða - Vertu í góðum málum

3M ÞEGAR GÆÐIN SKIPTA MÁLI 3M

Falleg gólf ehf. • gólfslipun@simnet.is • sími: 561 4207 • GSM: 898 1107

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188

borgarblod@simnet.is

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



Afmælistónleikar Tónlistarskólans

Yfir 200 manns komu fram á afmælistónleikunum Tónlistarskóla Seltjarnarness sem fram fóru í Seltjarnarneskirkju síðastliðinn laugardag. Skólinn sem er sannarlega ein af skrautfjörðum bæjarins og hefur lagt grunn að mörgum af bestu og efni- legustu tónlistarmönnum landsins. Skólinn fagnaði fertugasta aldursári sínu 14. feb. sl. með fjölmennustu tónleikum sem hann hefur ráðist í.

Á tónleikunum komu allir nemendur skólans fram í lagasyrpu. Kári Einarsson skólastjóri sagði það hafa kostað skipulagningu að setja saman dagskrá með svona mörgum þátttakendum. Nemendum var skipt upp í 14 hópa sem stigu á svið hver á fætur öðrum og léku samfelt í klukkustund. Tónleikarnir voru ókeypis og öllum opnir og fjöldi fólks bæði aðstandendur sem og eldri nemendur og kennarar mætti til þessa fagnaðar.



Tengjum hvert við annað!



ÚR JÓGA, Í VINNUNA OG BEINT ÚT Á LÍFIÐ!

Framúrskarandi lífrænn og sangleirvottaður 360° fatnaður, sem er að slá í gegn á Íslandi.

FRAMTÍÐIN ER NÚNA.



ÓMÓTSTÆÐILEGT GÓÐGÆTI SYSTRA!

LÍFRÆNT KAFFI með LÍFRÆNNI BÍÓBÚMJÓLK! Eða viltu næringarríkjan þeyting, croissant, samloku, eitthvað án glútens, skot, chiagrauta, heilsubita, INDÍGÓ KAFFI, CHAI LATTE?



AUÐLINDIR INDVERSKU LÍFSVÍSINDANNA – 5000 ára reynsla

Einstaklega vandaðar olíur úr hefð Ayurveda (systurvísinda jógafræðanna), sem halda okkur ungum, bæta svefn, róa taugakerfið og auka liðleika.



MANDUKA ERU TAJ MAHAL JÓGADÝNANNA

6. teg og úrval fylgihluta:

Jógadýnur

Jógahandklæði

Jógapúðar

Jógabönd

Hugleiðslupúðar

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugina og World Class.
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar 8 - 18
Laugardagar 10 - 16

Viðtal við hjónin Sigmar Guðbjörnsson og Jóhannu Ingibjörgu Ástvaldsdóttur

Yfir 95% af framleiðslunni fer á erlendan markað

Hjónin Sigmar Guðbjörnsson og Jóhanna Ingibjörg Ástvaldsdóttir stofnuðu og reka fyrirtækið Stjörnu-Odda, fyrirtækið var stofnað 1985 þá sem ráðgjafafyrirtæki á meðan þau bjuggu og störfuðu erlendis. Hjónin fluttu til Íslands á árinu 1992 eftir 15 ára búsetu erlendis. Það var alltaf stefnan at flytja heim, þegar dóttir okkar komst á skólaaldur ákváðum við að nú væri rétti tíminn kominn, í okkar huga var ekki síður mikilvægt að koma heim og vera þátttakandi í lífi stórfjölskyldunnar. Eftir að heim kom fæddis svo sonur okkar.

Fyrir flutningana heim höfðu þau byggt íbúð á Austurströnd, sem beið þeirra, þaðan lág leiðin að Valhúsabraut og síðar á Látraströnd. Til stóð einnig að byggja upp fyrirtækið Stjörnu-Odda á Seltjarnarnesi, rétta iðnaðarhúsnæðið var einfaldlega ekki til staðar né heldur lóð að fá. "Heimili okkar á Látraströnd er 3. heimilið á Nesinu og hér stefnum við að því að vera. Á Nesinu er gott að búa. Til að kynnast fólki tókum við m.a. þátt í starfsemi Leiklistarfélags Seltjarnarness og var Jóhanna formaður þess í nokkur ár. Vinnan og fjölskyldan tekur stóran hluta af tíma okkar svo í seinni tíð kynnumst við helst fólki í World Class og heita pottinum í lauginni. Að byrja daginn í ræktinni kl. 6 og verðlauna sig með afslöppun í heita pottinum með skemmtilegum morgunhönum gefur orku til að takast á við vinnudaginn sem framundan er.



Hjónin Sigmar Guðbjörnsson og Jóhanna Ingibjörg Ástvaldsdóttir á heimili sínu á Látraströnd.

Framleiða sírita sem safna gögnum um umhverfisþætti

"Eftir flutninga til landsins hófst sú starfsemi sem lengst af hefur verið kjarnastarfsemi félagsins, það er þróun & rannsóknir og framleiðsla á mælitækjum, sem eru sérstök að því leyti hversu lítil þau eru og handhæg svo hægt er að setja þau á innvortis t.d. í fiska. Mælitækin eru smáir sírítar sem safna saman gögnum um ýmsa umhverfisþætti, s.s. dýpi, hitastig, ljós og seltu, auk þess geta mælarnir sýnt í hvaða átt - stefnu merkið er að fara, halla í 3D, og numið staðsetningu. Gögnin sem safnast í mælitækin er hægt að skoða í tölvu og þannig má t.d. sjá hvernig fiskar eða önnur dýr hafa hagað ferðum sínum frá því að merkjunum hefur verið komið fyrir í þeim og þar til þau endurheimtast aftur, oft mörgum árum seinna. Starfsemin hófst að Grandagarði (70 fermetra aðstöðu, þaðan lág leiðin inn í Vatnagarða í 650 fermetra og í dag er félagið í húsnæði í Skeiðarási í Garðarbæ í um 920 fermetrum."

Fyrstu verkefnið við merkingar á fiskum

Sigmar segir að fyrstu landvinnungarnir hafi verið við merkingar á fiskum, þar sem töluvert nýtanlegra gagna hafi safnast, m.a. áður óþekktar upplýsingar um nytjastofna á íslandsmiðum. "Markmið rannsóknaraðila með notkun fiskimerkja Stjörnu-Odda er að bæta grunnþekkingu manna á nytjastofnum við landið og með þeim hætti að bæta veiðiráðgjöfina til sjálfbærrar nýtingar auðlindarinnar. Í dag eru mælarnir einnig notaðir í ýmisskonar iðnaði, samnefnari með mælunum er að þeir henta sérstaklega vel í erfiðu umhverfi, þar sem t.d. þrýstingur getur verið afar hár, eins og í Bandaríkjunum þar sem mælarnir eru notaðir allt niður á 10,7 km dýpi. Eins eru mælarnir notaðir í borholum, þar sem hátt hitastig bætist við háan þrýsting."

Fækka dýrum í lyfjarannsóknunum

Hvenær fóru þið að starfa að lyfjapróun? "Fyrir um sex árum hófust kynni okkar af lyfjapróunarmarkaði, þá sérstaklega rannsóknum sem

snúa að öndunarþerapíum, þekktasti kvillinn þar er influensan. Samkvæmt lögum þá þarf að prófa öll lyf í dýrum áður en þau fara í menn. Þegar bólusetningarlyf við flensu koma til landsins þá eru ágætis lýkur á að lyfið hafi verið prófað í dýrum með búnað frá Stjörnu-Odda. Áður var dýrum gefin lyf til að sjá hvernig þau brugðust við. Í dag er hægt að setja mælitæki í dýrið og þannig afla tug þúsunda mælinga frá hverju einasta dýri sem krafðist áður fyrr fjöldan allan af dýrum. Með þessari tækni hefur tekist að fækka verulega þörfinni fyrir dýr sem notast í lyfjarannsóknunum. Samskiptin fara fram þráðlaust við mælauna sem eru innvortis í dýrum á meðan á lyfjarannsóknunum stendur, þannig er hægt að fylgjast með dýrunum, þess vegna gegnum internetið, og sjá hvernig þeim líður. Markmiðið er líka að geta tekið dýr úr rannsókninni líði því illa."

Merki sem losnar frá dýrum í sjó

Sigmar segir að nú sé unnið að prófunum hjá Stjörnu-Odda á merki sem losnar frá dýrum í sjó,



Rauda Ijónið
síðan 1989

**HEITUR MATUR
Í HÁDEGINU
OG Á KVÖLDIN**

TAKTU MEÐ
ETA
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Þvörunamat





Mælitæki eru sett á fiska og fugla til að fylgjast með þeim og safna gögnum.

flýtur upp á yfirborð og sendir gögn gegnum gervitungl. „Merkið fer í túnfiska í sumar í Miðjarðarhafinu og í beinhákarla annaðhvort í Atlantshafinu eða Miðjarðarhafinu. Eftir prófanirnar sem munu taka um þrjá til fjóra mánuði verður merkið

sett á markað. Þannig þarf ekki að endurheimta merkið lengur til að sækja uppsafnaðr upplýsingar, hinsvegar endurheimtist merkið, þá mun það innihalda mun fleirri gögn heldur en hægt er að senda gegnum gervitungl.“

Öll starfsemin hér á landi

Öll starfsemi Stjörnu-Odda fer nú fram hér á landi, utan eins undirverktaka erlendis. Að sögn

Sigmars byrjaði félagið með nokkra undirverktaka erlendis en hefur í gegnum tíðina verið að færa meira af starfsemi sinni hingað heim þó það krefjist flókinnar samsetningagetu. Hjá félaginu er starfsfólk annaðhvort tæknimenntað eða viðskiptfræðimenntað. „Við höfum líka þjálfað upp okkar starfsfólk sem hefur staðið sig frábærlega,“ segir Sigmar en hjá félaginu vinna hátt í 20 starfsmenn. Vöruframboð félagsins samanstendur nú af, yfir 30 mismunandi vörunúmerum. „Við höfum upplifað samdrátt í haf- og fiskirannsóknunum, það

meira að segja á Íslandi, í geira sem á að halda þjóðarskútunni fljótandi,“ heldur Sigmar áfram. „Slíkur samdráttur hefur í för með sér að verið er að taka áhættu, við getum auðveldlega farið á mis við tækifæri, tækifæri til að draga úr veiði á stofni sem þarf að passa uppá eða auka veiðar. Hefði Stjörnu-Oddi eingöngu haldið sig við haf- og fiskirannsóknir þá væri félagið einfaldlega ekki til í dag. Það sem hefur bjargað félaginu gegnum samdráttartíma á markaði er breitt vöruúrval, sem inniheldur okkar kjarnastarfsemi, litlir mælarnotaðir í erfiðu umhverfi. Yfir 95% af framleiðslu Stjörnu-Odda fer á erlendan markað.“



GÓLF- MOTTUR við innganginn borga sig

CORAL®

Vörn gegn óhreinindum
og bleytu

KJARAN

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI: 510 5510 • www.kjaran.is
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8-18.

Grunnskóli Seltjarnarness

Innritun fyrir skólaárið 2015-2016

Til foreldra 6 ára barna og nemenda sem flytjast til Seltjarnarness frá öðrum sveitarfélögum



Innritun barna sem fædd eru árið 2009 og eiga að hefja skólagöngu haustið 2015 fer fram vikuna 23.-27. febrúar.

Sömu daga fer fram innritun skólaskyldra barna og unglinga sem flytjast til Seltjarnarness eða koma úr sjálfstætt starfandi skólum. Innritun í Grunnskólann fer fram í gegnum vefgítt þegarinn, *Minnar skólar*, á slóðinni www.seltjarnarnes.is

Nánari upplýsingar og aðstoð veitir starfsfólk Grunnskóla Seltjarnarness í síma 5959200. Fyrirsurnir er einnig hægt að senda á netfangið grunnskoli@grunnskoli.is

Skólaskrifstofa Seltjarnarnessjár



SELTJARNARNESSJÁR



Keppa til úrslita í Samfés

Föstudaginn 6. febrúar síðastliðinn fór fram undankeppni Kragans fyrir Söngkeppni Samfés. Keppnin var haldin í Grunnskólanum í Grindavík. Ellefu atriði frá átta félagsmiðstöðvum af Seltjarnarnesi, Suðurnesjum, Garðabæ, Álftanesi og Mosfellsbæ börðust um fjögur sæti í úrslitakeppninni sem fram fer í Laugardalshöllinni í næsta mánuði.

Fulltrúar Selsins voru Berta Sóley Sigtryggsdóttir og Heba Guðrún Guðmundsdóttir. Þær sungu lagið Ó, María mig langar heim, í nútímaútfærslu Grétu Mjallar Samúelsdóttur og Pálmars

Arnar Guðmundssonar. Skemmt er frá því að segja að Berta Sóley og Heba Guðrún sungu gullfallega, komust áfram og keppa því til úrslita þann 14. mars næstkomandi. Dómarar höfðu það á orði að þessi undankeppni í Grindavík hefði verið sérlega öflug og hvert atriði öðru betra. Við getum verið stolt af þeim stöllum og óskum þeim góðs gengis á Laugardalshöll.

Að söngkeppninni lokinni skemmtu hátt í 300 unglingar sér vel á balli svo það var glaður hópur keppenda og áhorfenda sem snéri heim aftur á Seltjarnarnesið.

Hvað er svona merkilegt við það að ver í Rótarý?

Ekki er að ástæðulausu að vitnað er í texta Grýlanna sem saminn var fyrir rúmum 30 árum og flestir landsmenn þekkja úr Stuðmannamyndinni Með allt á hreinu. Í textanum er með afar skemmtilegum hætti hæðst að hefðbundinni verkaskiptingu kynjanna sem þá þegar var á hröðu undanhaldi í íslensku samfélagi.

Rótarýhreyfingin sem stofnuð var í Bandaríkjunum fyrir rúmum 100 árum byggir einmitt á þeirri grundvallarhugmynd að skapa ólíkum starfstéttum tækifæri til þess að hittast reglulega og kynnast. Þannig megi auka skilning og virðingu manna í millum þrátt fyrir ólíkan bakgrunn og starfsvettvang og bæta þannig samfélagið.

Rótarýklúbbur Seltjarnarness var stofnaður 1971 af körlum einvörðungu eins og þá tíðkaðist innan hreyfingarinnar. Fyrstu konurnar gengu svo í klúbbinn um aldamótin og síðustu 10 árin eru 4 af hverjum 10 nýjum félögum konur.

Hið hefðbundna klúbbstarf snýst öðru fremur um að hittast yfir hádegisverði á föstudögum, spjalla og kynnast og hlíða á stutt erindi. Stundum eru erindin tengd starfssviði einhvers klúbbfélaga en oftar eru þó utanaðkomandi gestir sem fræða félagana um hina aðskiljanlegustu hluti. Endrum og sinnum er breytt út af venju og farið í heimsóknir og fastur liður í

starfseminni eru fundir sem haldnir eru í Albertsbúð í Gróttu, þegar vel stendur á sjávarföllum.

Svo tekin séu dæmi af handahófi um fundarefni síðastliðinna mánaða má nefna að við höfum fræðst um íslensk hross, losun gjaldeyrishafta, mikilvægi gleðinnar, afbrot og fíkniefnavanda, starfsemi Hrafnistu, Specialisterne, lífrænt eldsneyti, unglingsstarf á Seltjarnarnesi, stjórnufræði, sveitina í sálinni, af hverju við þurfum aðra tegund af stjórnendum, jarðhitaráðgjöf Íslendinga erlendis og hvernig heimskreppan breytti heiminum.

Við höfum líka farið í heimsóknir í Gamma og Listasafn Einarssonar, farið í jarðfræðiferð um Reykjanes, haldið fjölskyldudag í Gróttu og jólafjölskyldufund. Nú síðast gæddum við okkur á þorramat í Albertsbúð þar sem þingmaður sagði okkur fjölmargar skemmtisögur sem fyrir engan mun máttu berast í land og fyrir dyrum er "Frakklandsferð" þar sem við munum kynnast matar- og vinnmenningu hinna ólíku héraða landsins á fræðslu- og skemmtifundi með fjölbreyttum matföngum og tilheyrandi vinsmaki.

Rótarý er afskaplega gefandi og skemmtilegur félagsskapur. Áhugasamir gefi sig fram við Guðmund Snorrason (s. 840 5347) eða Guðbrand Sigurðsson (s. 896 0122).

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignaumsjon.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

Hittumst á Eiðistorgi laugardaginn 28. febrúar

Rótarýdagurinn verður haldinn um land allt laugardaginn 28. febrúar n.k. Af því tilefni verða félagar í Rótarýklúbbsi Seltjarnarness á Eiðistorgi frá kl. 11:00 til 13:00 til þess að kynna starfsemi klúbbsins og ræða við gesti og gangandi.



Munið Minningarhort Kvenfélagsins Seltjarnar
Til styrktar kirkjusjóði Seltjarnarneskirkju
Þau fást á Þegarsskrifstofu Seltjarnarness
Austurströnd 2 - Sími: 595-9100



Lionsklúbburinn færir Bjargi góðar gjafir

Lionsklúbbur Seltjarnanes afhenti Vistheimilinnu Bjargi á Seltjarnanesi að gjöf tvö sjónvörp af Philipsgerð 50" og 32", þurrkara fyrir þvott og 11 sængur og kodda þriðjudaginn 21. janúar.

Gjafirnar voru afhentar á Bjargi kl. 17. 30 sama dag og leikur Íslands og Frakka var sýndur á RUV og var rétt búið að tengja 50" tækið fyrir leikinn, en fyrir var lítið gamalt túpu tæki. Þetta var alger bylting í sjónvarpsmálum fyrir vistmenn þarna. Þáðu Lionsmenn síðan vöflur og rjóma með kaffi á eftir afhendingu. Vistheimilið Bjarg er heimili fyrir langtíma geðfatlaða einstaklinga og er rekið af Hjálpræðishernum. Það hefur verið starfrækt á Skólabraut 10 síðan 1968 og eru 11 einstaklingar vistaðir þar núna. Andvirði þessara gjafa er um 480 þúsund krónur að raunverði, en klúbburinn fékk mjög góða



fyrirgreiðslu hjá Heimilistækjum og Rúmfatalagernum við þessi kaup. Lionsklúbbur Seltjarnanes hefur átt mjög góða samvinnu við þessi tvö fyrirtæki og hafa þau styrkt okkur mikið, viljum við þakka þeim sérstaklega fyrir þeirra stuðning.



opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Menningarvika í Bókasafninu og Hönnunarmars í Gallerí Gróttu

Öræfi, Lína langsokkur, Birkir Rafn og Margrét Rúnars verða öll til staðar á mikilli menningarviku í Bókasafni Seltjarnarness fyrstu vikuna í mars. Þriðjudagskvöldið 3. mars kl. 19:30 verður lesið úr hinn margverðlaunuðu bók Öræfi eftir Ófeig Sigurðsson; sagan skoðuð og rædd. Ekki er skilyrði að hafa lesið bókina og umræður eru á fjálsfum nótum.

Aðdáendur Línu langsokks eru hvattir til að draga fram búninga eða dót sem tengjast sögunum um Línu en í Sögustund fyrir yngstu börnin miðvikudaginn 4. mars kl. 17:30 verður lesið úr Línubók. Börnin geta borið saman muni sem þau hafa komið með að heiman og rætt um sögurnar af þessari hraustu og hressu stelpu. Kærustuparið Birkir Rafn Gíslason gítarleikari við Tónlistarskóla Seltjarnarness og söngkonan Margrét Rúnarsdóttir verða með tónleika í Bókasafninu fimmtudaginn 5. febrúar kl. 17:30 og flytja nokkrar vel valdar tónlistarperlu. Tónleikarnir eru hluti af Tónstöfum, sem er samstarfsverkefni Bókasafnsins og Tónlistarskólans. Ókeypis er á alla viðburði auk þess sem boðið er upp á frítt kaffi alla daga í tímaritadeildinni. Þá má geta þess að Seltjarnarnesbær tekur þátt í Hönnunarmars með sýningu systrana Hlínar

Reykdal hönnuðar og Höddu Fjólu Reykdal myndlistarmanns í Gallerí Gróttu, á 2. hæð Eiðistorgs. Á sama tíma verður opnuð ný unglingsdeild í Bókasafninu, en hönnuður rýmis og húsgagna er myndlistarmaðurinn og arkitektinn Theresa H i m m e r .

Opnun verður fimmtudaginn 12. mars kl. 17 og munu félagar úr Reykjavíkurdætrum sjá um tónlistarflutning.



NES FRÉTTIR

Auglýsingasími:

511 1188

borgarblod@simnet.is

17 ára reynsla og þekking í sölu fasteigna

www.frittsoluverdmat.is

ANDRI SIGURÐSSON
Löggiltur fasteignasali

s. 690 3111



RE/MAX
LIND

Ekki í mínu nafni

Milli jóla og nýárs kom inn um lúguna hjá okkur blaðið „Seltjarnarnes er draumasveitarfélagið“, útgefið af Seltjarnarnesbæ. Þar er lýst ýmsu sem til fyrirmyndar er í okkar ágæta bæjarfélagi. Sumt er kannski orðum aukið, hægt er að finna hálsannleik ef vel er leitað, en þetta er sparðatíningur og ekkert til að gera veður út af. Hér er sannarlega gott að búa, við hjónin höfum búið hér síðan 1986 og líkað vel. Flest er sem betur fer í góðum málum í bæjarfélaginu og fjölmargt sem við getum verið stolt af.

Ástæða þess að ég ákvað að skrifa þessa grein er að ég hnaut um það í blaðinu að fjárhags- og stjórnsýslusvið bæjarins hlaut nafnbótina „Stofnun ársins-Borg og bær árið 2014“ í flokki minni stofnanna. Þá hlaut sviðið einnig viðurkenningu sem „Fyrirmyndarstofnun ársins 2014“. Þetta minnti mig á að á þessu sviði starfaði nágrannakona okkar hjóna, Bryndís Richter, þegar henni var sagt upp störfum árið 2011 eftir 25 ára starf hjá Seltjarnarnesbæ, að því sagt var í hagræðingarskyni. Og hvað með það, er nokkuð óeðlilegt við það að starfsfólki sé sagt upp störfum í hagræðingarskyni? Nei, slík uppsögn getur verið réttlætunleg ef rétt er staðið að henni og málefnaegar ástæður liggja til grundvallar. En þar liggur hundurinn grafinn því í þessu tilviki virðast allar reglur um hvernig standa skal að uppsögn hafa verið brotnar. Í kjölfar uppsagnarinnar höfðu Bryndís mál gegn bæjarfélaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Dómur Héraðsdóms var skýr,

ekki aðeins var uppsögnin dæmd ólögleg og bótaskyld heldur voru Bryndís í einnig dæmdar miskabætur. Uppsögnin þótti meiddandi því henni var gert að yfirgefa vinnustaðinn samdægurs eins og hún hefði brotið af sér í starfi. Seltjarnarnesbær lagði ekki fram nein gögn við málareksturinn sem studdu það að henni hefði verið sagt upp í hagræðingarskyni. Því er nærtækt að ætla að um hreina geðþóttaákvörðun hafi verið að ræða. Í stað þess að skammast sín og sætta sig við dóminn þá var þjónust með vonlaust mál í gegnum Hæstarétt. Dómur Hæstaréttar féll 15. jan. s.l. þar sem niðurstaðan var sú að dómur Héraðsdóms Reykjavíkur skyldi standa óbreyttur. Í dómsniðurstöðu má lesa að Seltjarnarnesbær á sér engar málsbætur. Ég hvet bæjarbúa til að kynna sér dómana, en þá má finna undir dómsnúmeri 389/2014 á heimasíðu Hæstaréttar.

Hvað er draumasveitarfélag? Ég ætla að snúa spurningunni við og spyrja hvað er ekki draumasveitarfélag? Draumasveitarfélag er ekki sveitarfélag sem kemur svona fram við starfsmenn sína. Fyrir utan milljóna kostnað af málinu, eigin málsvarnarlaun, málskostnað Bryndísar, skaðabætur og miskabætur, sem lendir á okkur bæjarbúum, þá er framkoma Seltjarnarnesbæjar gagnvart starfsmanni sínum til háborinnar skamrar fyrir sveitarfélagið og svartur blettur á því. Stjórn bæjarins starfar í umboði okkar kjósenda, þ.á.m. mín, en ég neita að samþykkja að þessi gjörningur hafi verið gerður í mínu nafni.

Kristján Kristinnsson
Höfundur er efnaverkfræðingur og íbúi á Seltjarnarnesi til 29 ára.



Kristján Kristinnsson.

UMHVERFISHORNID


Náttúrufar á Seltjarnarnesi

Nýlega var ritið Náttúrufar á Seltjarnarnesi sett á vef Seltjarnarnesbæjar. Ritið kom út árið 1997. Ritið er sérlega vandað og yfirgrípsmikið og á algerlega við enn í dag.

Í inngangi ritsins segir Sigurgeir Sigurðsson þáverandi bæjarstjóri: „Fyrstu drög að ritinu Náttúrufar á Seltjarnarnesi voru unnin á árunum 1986-1990 og voru kynnt bæjarstjórn 1991. Höfundar sem unnu að ritinu og rannsóknunum á vegum Náttúrufræðistofnunar voru þeir Kristbjörn Egilsson, Sveinn Jakobsson, Evar Petersen og Jóhann Óli Hilmarsson. Bæjarstjórn ákvað að biða með útgáfu þar til rannsóknunum á fjörlífi Seltjarnarness væri lokið og fól umhverfisnefnd Seltjarnarness þess tíma að láta framkvæma slíka rannsókn, sem hlaut að vera mjög mikilvæg fyrir sveitafélag eins og Seltjarnarnes sem hefur mjög löng fjörusvæði sem bjóða upp á fjölbreytt lífríki. Rannsókn á fjörlífi var unnin af Líffræðistofnun Háskólans undir stjórn Agnars Ingólfssonar. Við Seltirningar höfum lært að búa við hafið og viljum því vita sem mest um fjörunar bæði til að fylgjast með þeim stöðum þar sem nauðsyn hefur verið að grjótverja landið svo og þeim sem óhreyfðar eru.“

Fréttir og útgefið efni/skýrslur og útgáfur á vegum Seltjarnarnesbæjar/umhverfisnefnd/1997.

Fyrir hönd umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður.



Hringbraut 119
Sími: 562 92 92

Eldri borgarar á facebook

Eldri borgurum á Seltjarnarnesi hefur fjölgað mikið og finnst mér því tími til kominn að við förum að kynna hvort öðru aðeins betur og stækka hópinn.

Ég vann í nokkur ár sem hús-vörður hjá íbúðum aldraðra að Skólalbraut 3 til 5. Þar kynntist ég því mikla og fjölbreytta félags- og tómstundastarfi fyrir eldri bæjarbúa sem hún Kristín Hannesdóttir stjórnar af mikilli röggsemi.

Eins og dagskráin sem borin er í öll hús eldri borgara tvisvar á ári sýnir, er eitthvað fyrir alla og ætti hver og einn að finna eitthvað við sitt hæfi. Dagskráin er einnig auglýst á

Skólalbrautinni, Nesfréttum og í Morgunblaðinu undir liðnum Félagsstarf eldri borgara.

En alltaf má gera betur og því hefur verið stofnaður hópur á facebook undir heitinu **Eldri borgarar á Seltjarnarnesi (hópur)**. Nú væri gaman að sem flestir vildu skrá sig í hópinn til að fylgjast með hinum ýmsu viðburðum og félagsstarfi eldri borgara á Nesinu og einnig að láta í ljósi skoðanir sínar á málefnum liðandi stundar o.s.framv.

Verum sýnileg og njótum efri áranna í góðum félagskap.

Kveðja, Margrét Kristjánsdóttir.



EINSTAKT HLAUP 28. FEBRÚAR 2015

Í tilefni dags sjaldgæfra sjúkdóma mun Trimmklúbbur Seltjarnarness og Einstök börn blása til hlaups laugardaginn 28. febrúar 2015.

Hlaupið verður ræst við sundlauginna á Seltjarnarnesi kl. 12.00.

Um er að ræða tvær vegalengdir:

- 7,5 km með tímatöku - þátttökugjald 2.000 kr.
- 3,2 km án tímatöku - þátttökugjald 2.000 kr. (frítt fyrir börn undir 18 ára).

Þátttökugjald rennur til Einstakra barna, www.einstokborn.is

Hlaupið er öllum opið.

Góða skemmtun!

Skráning fer fram á hlaup.is



Nýtt leiksvæði

Á dögunum var tekið í notkun nýtt leiksvæði við leikskóladeildina Holt, sem er staðsett á neðri hæð safnaðarheimilis Seltjarnarneskirkju.

Börn sem fullorðnir gleðjast yfir leiksvæðinu, sem er kærkomin viðbót við aðstöðuna í Holti. Skjólveggur umlykur leiksvæðið á þrjá vegu og á svæðinu eru ungbarnarólur, sandkassi og völundarhús. Í Holti eru að jafnaði 16 börn úr yngsta aldurshópi leikskólabarna frá 13 mánaða aldri.

Félagsstarf eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi

Miðvikudaginn 21. janúar bauð Selkórinn eldri bæjarbúum á söngskemmtun í Félagsheimili Seltjarnarness, en þetta er árviss viðburður og alltaf mikil tilhlökkun fyrir þessu kvöldi.

Kórinn söng nokkur lög, síðan tóku allir undir í fjöldasöng. Eftir það voru það veitingar, heitt súkkulaði, allslags brauð og tertur. Hvílk veisla. Gestir kvöldsins senda kórnum og öllum sem að kvöldinu stóðu sínar bestur kveðju og þakkir fyrir góða kvöldstund. Fimmtudaginn 29. janúar var farin „óvissuferð“. Leiðin lá í Hönnunarsafn Íslands í Garðabæ, en þar stendur yfir sýningin; Ertu tilbúin frú forseti. Þetta er yfirlitssýning á fatnaði og fylgihlutum Vigdísar Finnbogadóttur fyrrverandi forseta. Þarna er margt fallegra muna, fatnaður, skór og veski sem notuð voru við hin ýmsu tækifæri ásamt orðum, skartgripum og ýmsu fleiru sem gaman var að sjá. Eftir heim-sóknina í safnið fór hópurinn á veitingastaðinn Nauthól þar sem boðið var upp á kaffi og meðlæti.

Fimmtudaginn 5. febrúar var farið á síðdegissýningu á Sjálfstæðu fólki í Þjóðleikhúsinu. Almenn ánægja var meðal okkar

fólks með sýninguna í heild. Það er nýlunda hjá leikhúsinu að bjóða upp á síðdegissýningu, en þetta er tilraun til að mæta þörfum og áhuga eldri borgara. Fólk er almennt mjög ánægt með þetta fyrirkomulag. Í þetta skipti bauð svo leikhúsið upp á kaffiveitingar í hléi og umræður eftir sýningu sem gaf þessu öllu saman ákveðið gildi. Næsta leikhúsfærð er 26. mars í Borgarleikhúsið, en þá er það sýningin Billy Elliot. Skráning er þegar hafin þar sem mikil aðsókn er á þetta verk. Skila þarf skráningarlista til leikhúsins ekki seinna en 16. mars n.k. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut og í Eiðismýri. Einnig er skráning og upplýsingar hjá Kristínu í síma 8939800.

Félags og tólmstundastarfið framundan er hefðbundið eins og það kemur fram í útgefni dagskrá sem allir eiga að hafa fengið senda í byrjun janúar. Dagskráin er einnig inni á mbl.is og í blaðinu sjálfu, inni á vef bæjarins og svo setjum við inn tilkynningar á facebooksíðuna: eldri borgarar á Seltjarnarnesi (hópur) og hvetjum við alla þá sem eru með tölvur, spjaldtölvur eða snjallsíma að gerast meðlimir á þessari síðu.



Vel heppnaðir íbúafundir

Fyrstu vikuna í febrúar fóru fram þrjár íbúafundir í Hátíðarsal Gróttu þar sem nýtt deiliskipulag fyrir Melhúsatún, Strandir, Bolagarða og Hofgarða var kynnt. Fundirnir voru vel sóttir og þátttaka og umræður íbúa góð.

Nýtt deiliskipulag felur aðallega í sér staðfestingu á núverandi ástandi, en einnig er gerð tillaga að uppbyggingu á nokkrum lóðum. Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofu Seltjarnarness Austurströnd 2, 2. hæð, virka daga kl. 8:20-14:00 frá 27. janúar til og með 16. mars 2015. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni www.seltjarnarnes.is, skipulag í kynningu. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að kynna sér tillögurnar, en ábendingum og athugasemdum



skal skila til skipulagsfulltrúa, Þórðar Búasonar, eða á netfangið postur@seltjarnarnes.is eigi síðar en 16. mars 2015.

NES FRÉTTIR www.borgarblod.is



HÚSAVIÐGERÐIR.IS



Gróttustrákarnir stóðu sig með þryði á Norden Cup.

Íslandsmeistarar Gróttu á Norden Cup í Gautaborg

Íslandsmeistarar Gróttu í handbolta árið 2014, drengir fæddir 1998 og 1999 fóru á meistaramót Norðurlandanna, Norden Cup í Gautaborg milli jóla og nýárs. Norden cup er gífurlega sterkt mót þar sem lands- og héraðsmeistarar Norðurlandanna mæta og keppa að nokkurs konar Norðurlandameistaratitli í nokkrum aldursflokkum.

Gróttu spilaði mjög vel allt mótið og drengirnir sýndu mikla liðsheild og baráttuanda þar sem þeir mættu sterkum liðum frá hinum löndunum. Drengirnir áttu stórgott mót og geta verið stoltir af sinni frammistöðu og það er mikill

heiður að fá að taka þátt í svona flottur og sterku móti. Lið Gróttu var skipað þannig: Ásmundur Atlason '99 miðjumaður, Gísli Gunnarsson '98 vinstri skytta, Hannes Grimm '99 línumaður, Hjalti Nielsen '99 hægri hornamaður, Jóhann Kaldal Jóhannsson '99 hægri hornamaður, Jóhann Óskar Jóhannsson '98 hægri skytta, Jón Friðrik Guðjónsson '98 vinstri hornamaður, Kristján Guðjónsson '98 (fyrirliði) miðjumaður, Sverrir Anton Arason '99 miðjumaður/skytta, Tómas Óli Magnússon '99 vinstri hornamaður og Þór Guðjónsson '98 markmaður.

Gróttuvöllur verður Vivaldivöllurinn



Jón von Tetzchner og Hilmar Sigurðsson formaður knattspyrnudeildar Gróttu.

Föstudaginn 23. janúar skrifaði knattspyrnudeild Gróttu undir þriggja ára samstarfssamning við hugbúnaðarfyrirtækið Vivaldi technologies. Með samningnum er Vivaldi orðinn einn af aðalstyrktaraðilum knattspyrnudeildar og mun Gróttuvöllur framvegis heita Vivaldivöllurinn.

Það er Seltirningurinn og frumkvöðullinn Jón von Tetzchner sem er eigandi Vivaldi en hann var mættur í vallahúsið við fótboltavöllinn til að skrifa undir samninginn. Þetta er ekki fyrsta verkefni Jóns hér á

Nesinu því árið 2013 opnaði hann frumkvöðlasetrið Innovation House á Eiðistorgi þar sem 18 sprotafyrirtæki eru nú með starfsemi. Í viðtali á vef Gróttu sagðist Jón hafa spilað fótbolta með yngri flokkum Gróttu án þess að hafa skarað fram úr sérstaklega. Síðan hann flutti utan um tvítugt hefur hann reynt að fylgjast með gamla liðinu sínu úr fjarlægð en mun nú fylgjast vel með gangi mála. Jón kvaðst hæstánægður með að hafa tækifæri til að styðja við Gróttu og setja nafnið á fyrirtækinu á völlum.

7. flokkur á TM-móti

Stelpurnar í 7. flokki Gróttu byrjuðu flestar að æfa fótbolta í haust og fóru á sitt fyrsta fótboltamót í byrjun desember. Þann 1. febrúar var komið að TM-móti HK í Kórnum og voru Gróttustelpurnar klárar í slaginn með þrjú lið. Allir farnir að þekkja reglurnar og út á hvað fótboltinn gengur og það er ljóst að framfarirnar hafa ekki látið á sér standa hjá stúlkunum.

Spilaður var flottur fótbolti allt mótið og stemningin í Gróttuhópnum góð. Gróttu1 átti frábæran leik á móti Þrótti og vann glæsilegan 3-0 sigur og gerði auk þess jafntefli við ÍR í æsispennandi leik. Gróttu2 spilaði við nokkuð sterk lið en á köflum sást flott spil á hjá stelpunum þó að mörkin hefðu aðeins staðið á sér. Gróttu3 byrjaði rólega en í síðustu tveimur leikjunum komust stelpurnar í mikið stuð og sigruðu bæði KR og Selfoss í flottum leikjum. Þau Jórunn María Þorsteinsdóttir og Pétur Rögnvaldsson hafa tekið við þjálfun flokksins en Magnús Örn Helgason stýrði stelpunum framan af vetri. Flokkurinn telur nú 17 stelpur og vonandi munu fleiri stelpur bæstast í hópinn á næstu mánuðum.





Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud. 12:00 til 15:00

Fimmtudaga 12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga 13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga 13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00

Sími: 588 9705
www.skautaholl.is



GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170



Heldri borgarar kepptu í ballskál í Reykjanesbæ

Sjö manna lið eldri (heldri) borgara á Seltjarnarnesi fór suður með sjó til Reykjanesbæjar að keppa í ballskál fimmtudaginn 29. janúar. Þeir sem skipuðu liðið voru: Ásgeir Guðmundsson, Oddbjörn Stefánsson, Stefán Olgeirsson, Sverrir Jóhannes Hannesson, Þorsteinn Júlíus Stefánsson, Þráinn Viggóson og Ægir Ólason.

Þegar komið var í Virkjun, upp á Ásbrú, sem er gamla varnarliðssvæðið, var tekið á móti okkur með vöfflum og kaffi svona rétt fyrir mótið. Svo var hafist handa við að raða ansi ákðfum þáttakendum niður í keppnisriðla. Voru einir 25 eldri borgarar að keppa á mótinu og mjög skemmtileg stemming skapaðist. Skemmt er frá því að segja að okkar liðsmaður, Ásgeir Guðmundsson varð í 2. sæti eftir hörkukeppni. Að móti



Þorsteinn Júlíus Stefánsson í ballskál.

loknu var farið á Bátasafn Gríms Karlssonar að skoða skipin og bátana, ásamt því að rifja upp sögur af sjónum. Það var ansi kátur hópur sem snéri tilbaka á Nesið fagra og klappað var við hvert tækifæri enda yfir miklu að fagna. Viljum við koma þökkum á framfæri til allra þeirra sem þátt tóku í mótinu og fyrir frábærar viðtökur þeirra í Reykjanesbæ.

Gróttta með tvo sigra um sl. helgi

Á laugardaginn sl. mætti Gróttta liði Vals í Olísdeild kvenna. Gróttta hafði yfirhöndina allan leikin og voru komnar með 10 marka forystu 12-2 eftir 15 mínútnaleik. Gróttta sigraði svo leikinn örugglega 25-19 og eru Gróttustúlkur því enn einar á toppi deildarinnar.

Gróttustúlkurnar tryggði sér á dögnum í undanúrslit bikarkeppningar með sigri á HK. Næsti leikur stelpnanna

er á útivelli gegn Fram nk. laugardag 21. febrúar kl. 13.30.

Leik Grótttu og Hamrana í mfl. karla sem fram fór á Akureyri um síðustu helgi lauk með góðum Gróttusigri 26-20. Þetta var annar leikurinn í þriðju umferðinni og eru strákarnir nú með 5 stiga forskot á toppi deildarinnar, en Víkingar eiga einn leik inni á Gróttu.

Næsti leikur strákanna er á heimavelli gegn KR nk. föstudag 20. febrúar kl. 19.30

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Lárus Karl Arnbjarnarsson en hann komst í fréttirnar fyrir stuttu eftir að hann sendi Námsgagnastofnun athugasemd vegna villu í samfélagsfræðibók sem hann var að lesa. Þar var ranglega staðhæft að Finnland hefði verið hernumið í seinni heimsstyrjöldinni. Lárus Karl flutti tveggja ára gamall á Nesið og er nú í tólf ára bekk í Mýrarhúskóla.

Fullt nafn? Lárus Karl Arnbjarnarsson.

Fæðingard. og ár? 2. febrúar 2003.

Starf? Nemandi.

Farartæki? Reiðhjól.

Helstu kostir? Fróður og viljugur til þess að deila þekkingu með öðrum.

Eftirlætis matur? KFC kjúklingalundur.

Eftirlætis tónlist? Enginn í sérstöku upphaldi. Ég hef ekki mikinn áhuga á tónlist.

Eftirlætis íþróttamaður? Ég fylgist lítið með íþróttum.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Family guy.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Bókasafn ömmu Huldar eftir Þórarinn Leifsson.

Uppáhalds leikari? Sir Christopher

Frank Carandini Lee, hann er fæddur 1922 og verður 93 ára á þessu ári.

Hann hefur m.a. leikið Sarúman í Hringadrottinssögu og Dooku greifa í Stjörnustríðsmyndunum.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

The Hobbit : Battle of the five armies.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Spila Minecraft, horfi á veiðimyndbönd á Youtube og les fræðibækur.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Alparnir.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Ég kann vel að meta skemmtilegt fólk og líka rólegt.

Hvern vildir þú helst hitta?

Winston Churchill.



Uppáhalds vefsíða? youtube.com

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Peninga.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir

5 milljónir í happdrætti? Fara til Afríkukrisins Namibíu að skjóta antilópur.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?

Halda Lalla dag þar sem allir væru með grímu sem liti út eins og ég.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Klára nám, fá byssuleyfi og finna mér gott starf.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Fara til Spánar og Frakklands með fjölskyldu minni.

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utfarin.is



Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Hinrik Valsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242





Rosaterta



Pekaniða



Lósur



Bailey's terta



Kaka ársins

*Kókosbotn, rommykrem, súkkuladí-mousse,
hjúpud með bananakaramellu*



*Þrákonfekt með dödum,
gráfíkjum og pekanhnetum*



Brownie's



*Steinbökud
morgunverðbraud*



Þroskallar

göðgæti frá Jóa Fel

Konudagur að hætti Jóa Fel

Fullt af kökum og kruðeríi til að gleðja elskuna sína.

Bakaríið er opið alla virka daga frá kl. 7 - 18 og frá kl. 8 - 17 um helgar.

Verið hjartanlega velkomin.



BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut